

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 84. gr. reglnanna:

- a. 18. mgr., um MA-nám í þróunarfræðum, fellur niður.
- b. 2. másl. núverandi 24. mgr., um diplómanám í þróunarfræðum, orðast svo: Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í hnattrænum fræðum.
- c. Í stað orðanna „MA-nám á sviði hnattrænna tengsla“ í núverandi 27. mgr. kemur: MA-nám á sviði hnattrænna fræða.
- d. Í stað orðanna „Diplómanám á sviði hnattrænna tengsla“ í núverandi 28. mgr. kemur: Diplómanám á sviði hnattrænna fræða.
- e. Á eftir núverandi 28. mgr. bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Diplómanám í hnattrænni heilsu er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í hnattrænum fræðum.

#### 2. gr.

16. mgr. 92. gr. reglnanna orðast svo:

Diplómanám í smárikjafræðum: Smáriki í alþjóðakerfinu (Small State Studies: Small States in the International System) er sjálfstætt 30 eininga nám að loknu BA-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í MA-nám í alþjóðasamskiptum að uppfylltum inntöku-skilyrðum.

#### 3. gr.

Á eftir 13. mgr. 117. gr. reglnanna bætist við ný málsgrein, svohljóðandi:  
Diplómanám í faggreinakennslu er sjálfstætt 60 eininga framhaldsnám.

#### 4. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 7. desember 2018.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*